

Fundur í Nemendafélagi Heiðarskóla 30. september 2024 kl. 8:25

Mættir: Veronika og Díana úr 9. bekk, Einar Ási og Valgarður úr 8. bekk, Haraldur úr 7. bekk, Helgi úr 6. bekk og Lúkas og Arnþór úr 5. bekk. Á fundinn vantaði Odd og Pál úr 10. bekk.

- Hlutverk: Farið yfir hlutverk Nemendafélagsins.
- Instagram Nemendafélagsins: Ákveðið að setja upp Instagram fyrir Nemendafélagið og standa t.d. fyrir lita- eða viðburðardögum. Fá Höllu til aðstoðar.
- Íþróttaföt og sturta eftir íþróttir: Umræður um mikilvægi þess að fara í sturtu eftir íþróttir.
- Skólareglur: Farið yfir reglurnar og þær ræddar. Fram kom hugmynd um að bæta við einni reglu um að eldri nemendur hafi rétt umfram þá sem yngri eru til að sitja aftast eða aftarlega í skólabílunum. Umræður um að þetta sé svokölluð óskráð regla og til standi að halda nemendaping á vorönn 2025 um óskráðar reglur. Samþykkt að skoða þessa óskráðu reglu með nemendum á þinginu.
- Sparkvöllur: Reglur og skipting á milli hópa á sparkvelli. Gengur vel og sanngjörn skipting. Þó spurning um að banna dúndurskot á unglíngastigi, upp hafa verið að koma óhöpp þegar nemendur sparka of fast.
- Böll í unglíngadeild: Umræður um Lyngbrekkuball og Jólabball á Varmalandi. Þessi böll samstarfsskólanna hafa verið haldin í marga áratugi. Nú eru breyttir tímar og nemendur Heiðarskóla eru að mæta á þó nokkur önnur böll á vegum Félagsmiðstöðvanna og einnig verið að bjóða þeim á böll á Akranesi. Spurning hvort böll fyrir unglínga séu orðin of mörg. Í það minnsta er reynslan af Lyngbrekkuballi og Jólabballinu sú að mæting sé orðin frekar dræm. Hugmynd skólastjóra samstarfsskólanna um að fá fulltrúa úr nemendafélögum samstarfsskólanna til að hittast nú í október og ræða þessi mál og koma með tillögur kynnt. Það samþykkt og Veronika og Díana buðu sig fram í það verkefni. Ákveðið að heyra í Páli eða Oddi sem þriðja fulltrúa.
- Önnur mál: Er möguleiki að nemendur á miðstigi fái að vera með borðtennismót á íþróttadegi í stað keppni í sundi?

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9:00.